

Fundargerð 284. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg
Fundardagur: Þriðjudagur 4. júlí 2023
Fundartími: 9:00-10:00
Fundarmenn: Árni Eiríksson oddviti
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Walter Fannar Kristjánsson
Harpa Magnúsdóttir
Elín Höskuldsdóttir

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Samþykkt að bæta við lið 7, viðauki I vegna fjárhagsáætlunar 2023 og lið 8, breyting á fjárfestingaáætlun ársins 2023. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Fundargerð skipulagsnefndar: nr. 263, dags. 28.06.2023

a) **Lynghæð L196512; Lóðir L1-L7; Deiliskipulagsbreyting – 2206038**

Fyrir liggur tillaga að breytingu á deiliskipulagi Lynghæðar L196512 eftir afgreiðslu Skipulagsstofnunar. Í breytingunni felst ný skilgreining byggingarreita innan lóðar og uppfærsla á byggingarheimildum. Áður skilgreindum byggingarreitum fækkar um einn. Skilgreindir eru þrír nýir byggingarreitir fyrir gestahús neðan við núverandi skemmu og nýr reitur fyrir útihús suðvestan við núverandi skemmu. Athugasemdir bárust frá Skipulagsstofnun um gildistöku málsins og er þær lagðar fram við afgreiðslu þess ásamt andsvörum umsækjanda.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögn Skipulagsstofnunar með viðeigandi hætti innan framlagðra andsvara. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda. Gögn málsins verði send Skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Fyrir liggur tillaga að breytingu á deiliskipulagi Lynghæðar L196512 eftir afgreiðslu Skipulagsstofnunar. Í breytingunni felst ný skilgreining byggingarreita innan lóðar og uppfærsla á byggingarheimildum. Áður skilgreindum byggingarreitum fækkar um einn. Skilgreindir eru þrír nýir byggingarreitir fyrir gestahús neðan við núverandi skemmu og nýr reitur fyrir útihús suðvestan við núverandi skemmu. Athugasemdir bárust frá Skipulagsstofnun um gildistöku málsins og er þær lagðar fram við afgreiðslu þess ásamt andsvörum umsækjanda.


Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögn Skipulagsstofnunar með viðeigandi hætti innan framlagðra andsvara. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda. Gögn málsins verði send Skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) **Langholt 3: Aukið byggingarmagn kjallara; Deiliskipulagsbreyting – 2306101**

Lögd er fram umsókn frá Baldri Eiðssyni er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi að Langholti 3. Í breytingunni felst heimild til að nýta fyllt rými í kjallara undir nýtanleg rými. Núverandi heimild deiliskipulags gerir ráð fyrir 200 fm húsi og allt að 100 fm kjallara. eftir breytingu verði gert ráð fyrir allt að 370 fm í kjallara.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli



2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi og um svo óverulegt frávik er að ræða að hagsmunir nágranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarþ eða innsýn er ekki talin þörf á grenndarkynningu vegna breytingarinnar.

Lögð er fram umsókn frá Baldri Eiðssyni er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi að Langholti 3. Í breytingunni felst heimild til að nýta fyllt rými í kjallara undir nýtanleg rými. Núverandi heimild deiliskipulags gerir ráð fyrir 200 fm húsi og allt að 100 fm kjallara. eftir breytingu verði gert ráð fyrir allt að 370 fm í kjallara.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi og um svo óverulegt frávik er að ræða að hagsmunir nágranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarþ eða innsýn er ekki talin þörf á grenndarkynningu vegna breytingarinnar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- e) **Flóaskóli og Þjórarsarver; Skólasvæði og félagsheimili; Deiliskipulag – 2204025**
Lögð er fram að nýju tillaga nýs deiliskipulags vegna Flóaskóla og Þjórarsarvers eftir auglýsingu og afgreiðslu Skipulagsstofnunar. Í deiliskipulaginu eru skilgreindar heimildir fyrir framtíðaruppbyggingu innan svæðisins. Athugasemd Skipulagsstofnunar er lögð fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og afgreiðslu Skipulagsstofnunar. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögn skipulagsstofnunar vegna málsins með fullnægjandi hætti innan uppfærðra deiliskipulagsgagna og samantektar á athugasemdum og viðbrögðum sem lögð eru fram við afgreiðslu málsins. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda. Gögnin verði send Skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fyrir liggur að nýju tillaga nýs deiliskipulags vegna Flóaskóla og Þjórarsarvers eftir auglýsingu og afgreiðslu Skipulagsstofnunar. Í deiliskipulaginu eru skilgreindar heimildir fyrir framtíðaruppbyggingu innan svæðisins. Athugasemd Skipulagsstofnunar er lögð fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og afgreiðslu Skipulagsstofnunar og að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögn Skipulagsstofnunar vegna málsins með fullnægjandi hætti innan uppfærðra deiliskipulagsgagna og samantektar á athugasemdum og viðbrögðum sem lögð eru fram við afgreiðslu málsins. Gögnin verði send Skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

2. **Erindi frá Skúla Valberg – Vegur að Þingdal og Sauðhaga**

Fyrir liggur erindi frá Skúla Valberg er varðar ástand vegar að Þingdal og Sauðhaga. Sótt hefur verið um að Vegagerðin taki veginn aftur inn á vegaskrá sem héraðsveg á þeim forsendum að í Sauðhaga sé skráð lögheimili og föst búseta. Í erindinu er óskað eftir því að sveitarfélagið aðstoði við lágmarks viðhald vegarins til að koma í veg fyrir að frekari uppbygging stöðvist.

Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar innsent erindi. Veghald er ekki á hendi sveitarfélaga nema um sé að ræða skilgreinda sveitarfélagsvegi skv. vegalögum nr. 80/2007. Lagning nýrra héraðsvega skal greiðist til helminga af eiganda íbúðarhúsnæðis og af Vegagerð. Landeigandi

skal þó kosta og vera veghaldari síðustu 50 m ef vegur endar þar sbr. reglugerð um héraðsvegi nr. 774/2010.

Sveitarstjórn leggur áherslu á við Vegagerðina að mikilvægt sé að brugðist sé skjótt við umsóknnum vegna nýrra héraðsvega í sveitarfélaginu enda ein af forsendum góðra búsetuskilyrða að búa við eðlilegar og góðar samgöngur. Lögð er áhersla á að vegurinn frá Villingaholtsvegi og að Sauðhaga komist sem fyrst á vegaskrá og verði skilgreindur sem héraðsvegur líkt og áður var þegar lögheimili var í Þingdal, sé umsóknin byggð á eðlilegum forsendum útfrá reglugerð um héraðsvegi nr. 774/2010. Sveitarstjórn hvetur Vegagerðina til að bregðast við umsókn um nýjan héraðsveg frá Þingdalsvegi að Sauðhaga svo fljótt sem auðið er svo að uppbygging stöðvist ekki en þarna er verið að byggja til búsetu á tveimur landareignum. Jafnframt hvetur sveitarstjórn til þess að Þingdalsvegur frá Villingaholtsvegi og að vegi að Sauðhaga verði byggður upp að nýju sem héraðsvegur.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

3. Samningur við Umhverfisstofnun um refaveiðar

Fyrir liggur samningur um refaveiðar vegna endurgreiðslna ríkissjóðs vegna refaveiða sveitarfélaga sbr. 10. og 11. gr. reglugerðar um refa- og minkaveiðar nr. 437/1995, sbr. 4. mgr. 12. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, fyrir árin 2023-2025. Einnig liggur fyrir áætlun Umhverfisstofnunar um refaveiðar fyrir árin 2023-2025. Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemd við framlagðan samning og felur sveitarstjóra að ganga frá undirritun hans.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

4. Gjaldskrá leikskólans Krakkaborgar

Fyrir liggur tillaga að nýrri gjaldskrá fyrir leikskólann Krakkaborg í Flóahreppi sem byggir á umræðum og hugmyndum sveitarstjórnar og fræðslunefndar. Að auki liggur fyrir minnisblað sveitarstjóra vegna tillögu að nýrri uppbyggingu gjaldskrár og samanburður á gjöldum skv. gildandi gjaldskrá og nýrri gjaldskrá.

Sveitarstjórn telur að mikilvægt sé að jafna leikskólagjöld þannig að þau séu nær nágrannasveitarfélögunum til að laða að nýja íbúa í sveitarfélagið. Fagleg rök liggja einnig að baki breytingu á gjaldskránni þar sem gjaldskráin ýtir undir möguleikann á að stytta vinnudag ungra barna. Að auki getur skilgreindur kjarnatími gefið tilefni til hagræðingar í rekstri leikskólans. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við framlagða tillögu að nýrri gjaldskrá fyrir leikskólann Krakkaborg og er sveitarstjóra falið að birta nýja gjaldskrá og leikskólastjóra falið að kynna breytingarnar vel fyrir foreldrum og starfsmönnum leikskólans.

Samþykkt með 5 atkvæðum

5. Fundargerðir:

- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 283, dags. 26.06.2023
 - b) Vinnuhóps um uppbyggingu við Flóaskóla og skólalóð nr. 2, dags. 09.05.2023
 - c) Ípróttu- æskulýðs- og menningarnefndar nr. 4, dags. 22.05.2023 og nr. 5, dags. 29.06.2023
- Varðandi lið 4 í fundargerð nr. 4 þá lágu ekki fyrir upplýsingar um að sótt hefði verið um menningarstyrk þegar nefndin fundaði en kom svo í ljós að umsókn hafði verið send inn innan umsóknarfrests. Á fundi nefndarinnar nr. 5 var umsókn um menningarstyrk frá Íslenska bænum vegna vinnustofu um baðstofusmíði lögð fyrir.

Sveitarstjórn samþykkir að veita Íslenska bænum menningarstyrk fyrir árið 2023 vegna verkefnisins „Baðstofan; greining, bygging og endurfæðing.“ Styrkuppephæð er kr. 400.000.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Varðandi lið 3 í fundargerð nr. 5 þá samþykkir sveitarstjórn að reglur um hvatastyrki verði uppfærðar og að hvatastyrkir verði veittir vegna tónlistarnáms. Sveitarstjóra falið að uppfæra reglur og leggja fyrir sveitarstjórn þannig að hvatastyrkir að hausti taki mið af uppfærðum reglum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- d) Framkvæmda- og veitunefndar nr. 15, dags. 29.06.2023
- Varðandi lið 1 í fundargerð nr. 15 þá tekur sveitarstjórn undir bókun framkvæmda- og veitunefndar um mikilvægi þess að fara í styrkingu á vatnsstofni frá Kjartansstöðum að Skeiðavegamótum til að tryggja neysluvatn á því svæði enda blasir við að nokkur uppbygging verði í nánustu framtíð og sveitarstjórn hefur þegar veitt samþykki sitt á



breytingu á aðalskipulagi vegna nýrrar íbúðabyggðar á svæðinu. Einnig gera gildandi deiliskipulög á svæðinu ráð fyrir nokkurri uppbyggingu. Sveitarfélaginu ber að fullnægja vatnsþörf almennings, heimila og atvinnufyrirtækja eftir því sem kostur er skv. lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004.

Alls bárust 4 tilboð í verkið: Aðalleið ehf, Egill Guðjónsson ehf, Fögrusteinar ehf og Þjótandi ehf. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að leitast verði við að ganga til samninga við verktakafyrirtækið Egill Guðjóns ehf. á grundvelli tilboðs og leggur áherslu á að framkvæmdir hefjist sem fyrst. Ljóst er að framkvæmdin kallar á breytingu á fjárfestingaráætlun fyrir árið 2023. Sveitarstjóra falið að ganga til samninga við lægstbjóðanda.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Varðandi lið 2 í fundargerð þá samþykkir sveitarstjórn að farin verði sú leið að innheimta fyrir fram gjald vegna tenginga a.m.k. 10 lóða við vatnsveitu Flóahrepps í nýrri íbúðabyggð í Huldu- og Maríuhólum. Sveitarstjóra falið að setja upp kostnaðaráætlun í samráði við ráðgjafa í vatnsveitumálum og eiga samráð við landeiganda vegna málsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- e) Stjórnar Bergisans bs. nr. 58, dags. 23.05.2023
 - f) Stjórnar Arnardrangs hses. nr. 5. dags. 18.04.2023 og nr. 6, dags. 15.05.2023
 - g) Stjórnar byggðasamlags UTU nr. 101, dags. 24.05.2023
 - h) Stjórnar SASS nr. 596, dags. 02.06.2023
 - i) Seyrustjórnar nr. 10, dags. 12.06.2023
 - j) Framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga bs. nr. 11, dags. 12.05.2023
 - k) Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 228, dags. 12.06.2023
 - l) Stjórnar Fræðslunetsins nr. 156, dags. 13.06.2023
 - m) Samráðsfundur veitufyrirtækja nr. 12, dags. 16.06.2023
 - n) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 929, dags. 09.06.2023, nr. 930, dags. 15.06.2023 og nr. 931, dags. 22.06.2023
 - o) Stjórnar Brunavarna Árnessýslu nr. 9. dags. 22.06.2023
 - p) Svæðisskipulags Suðurlandis nr. 25, dags. 05.05.2023
- Varðandi lið 1 í fundargerð þá samþykkir sveitarstjórn Flóahrepps framlagða tillögu að svæðisskipulagi Suðurlandis 2022-2042 með þeim lagfæringum sem gerðar hafa verið í kjölfar kynningar hennar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. Efni til kynningar

- a) Samþykkt fyrir byggðasamlagið Bergisann bs.
- b) Næsti fundur sveitarstjórnar verður 15. ágúst kl. 9:00 í Þingborg

7. Viðauki I vegna fjárhagsáætlunar 2023

Sveitarstjóri leggur til að gerður verði viðauka við fjárhagsáætlun 2023 vegna eftirfarandi þátta: Þjónustuhópur aldraðra, málefni fatlaðra 2021-2023, ráðning skólastjóra við Flóaskóla, veikindalaun, samkomulag um aðgang að sundstöðum í Árborg 2022 og 2023, lok framkvæmda við Urriðafoss og viðhaldskostnaður vegna tækja og áhalda í áhaldahúsi og vinnuskóla. Viðauki I verði samtals að upphæð 26.200.000 kr og verður mætt með lækkun á eigin fé.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

8. Breyting á fjárfestingaáætlun ársins 2023

Í ljósi þess að tilboð sem bárust í styrkingu vatnsstofns frá Kjartansstöðum að Skeiðavegamótum er töluvert yfir kostnaðaráætlun og efniskostnaður hefur hækkað mikið er ljóst að gera þarf ráð fyrir aukinni fjárfestingu í vatnsveitunni á árinu 2023. Sveitarstjóri leggur til að fjárfesting á vatnsveitu hækki um 23 milljónir og á móti lækki fjárfesting við grunnskóla um sömu upphæð.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Árni Eiríksson (sign)

Walter Fannar Kristjánsson (sign)

Elín Höskuldsdóttir (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)

Harpa Magnúsdóttir (sign)



Walter Fannar Kristjánsson
Jóhanna #utd.



Hulda Kristjánsdóttir



Fundargerð

12. fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga bs. kjörtímabilið 2022 – 2026 haldinn á Teams, 7. júlí 2023 og hófst hann kl. 8:00.

Mætt voru: Helgi Kjartansson formaður, Kjartan Björnsson, Arna Ír Gunnarsdóttir og Gestur Þór Kristjánsson. Sandra Sigurðardóttir var fjarverandi. Þá sat fundinn Ingibjörg Garðarsdóttir fjárhaldsmaður Héraðsnefndar.

1. Fundarsetning

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann spurði hvort einhverjar athugasemdir væru við fundarboð, engar athugasemdir komu fram.

2. Húsnæðismál Héraðsskjalasafns Árnesinga

Á aukafundi Héraðsnefndar Árnesinga (HÁ) sem haldinn var 24. maí 2023 var samþykkt að kanna hvort grundvöllur sé fyrir því að leigja húsnæðið að Hellismýri 8 undir starfsemi safnsins. Öll sveitarfélög sem aðild eiga að Héraðsnefnd hafa tekið málið fyrir, sjö sveitarfélög hafa samþykkt að Héraðsnefnd leigi umrætt húsnæði en eitt sveitarfélag hefur hafnað að húsnæðið verði leigt. Í ljósi þess að í 10. grein stofnsamþykktu HÁ kemur fram að samþykki allra sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna þurfi til að ákvarðanir um skuldbindingar öðlist gildi er ljóst að ekki getur orðið að því að húsnæðið að Hellismýri 8 á Selfossi verði leigt undir héraðsskjalasafnið. Formanni falið að tilkynna eignda húsnæðisins að Hellismýri 8 og forstöðumanni héraðsskjalasafnsins um niðurstöðu málsins.

3. Samningur um Fablab

Samningur sem Héraðsnefnd gerði árið 2018 við Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, Fjölbrotaskóla Suðurlands (Fsu) og Háskólafélag Suðurlands (HFSu) um uppsetningu og rekstur Fablab verkstæðis hjá FSu er runninn út. Formaður kynnti samningsdrög HÁ við HFSu um áframhaldandi rekstur Fablab smiðju í FSu til ársins 2028.

Framkvæmdastjórn HÁ samþykkir að gerðar verði ákveðnar breytingar á samningsdrögum og felur formanni að undirrita samninginn með fyrirvara um samþykki haustfundar Héraðsnefndar.

4. Stjórnskipulag Héraðsnefndar

Á vorkundi Héraðsnefndar Árneseinga sem haldinn var 28. apríl 2023 var samþykkt að fela framkvæmdastjórn Héraðsnefndar að skoða betur þá valkosti sem kynntir hafa verið og koma með tillögu að stjórnfyrirkomulagi Héraðsnefndar. Þá samþykkti haustfundurinn að setja fjármagn í sérfræðiaðstoð við þá vinnu og koma með tillögu að stjórnfyrirkomulagi Héraðsnefndar fyrir næsta haustfund.

Framkvæmdastjórn felur formanni að ræða við Lögmennt Suðurlands um að taka að sér þá vinnu sem framundan er varðandi breytingu á stjórnfyrirkomulagi Héraðsnefndar.

5. Fjárhaldsmaður Héraðsnefndar

Fyrir liggur að Ingibjörg Garðarsdóttir er að hætta störfum hjá Sveitarfélaginu Árborg. Framkvæmdastjórn samþykkir að Ingibjörg verði fjárhaldsmaður HÁ, amk. fram að áramótum.

6. Næsti fundur

Formaður mun boða næsta fund sem stefnt er á að halda í ágúst.

Fundi slitið kl. 08:45

Helgi Kjartansson, ritaði fundargerð.

Helgi Kjartansson

Kjartan Björnsson

Arna Ír Gunnarsdóttir

Gestur Þór Kristjánsson

Ingibjörg Garðarsdóttir



597. fundur stjórnar SASS

Fjarfundur

30. júní 2023, kl. 12:30 – 14:45

Þátttakendur: Ásgerður Kristín Gylfadóttir formaður, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Árni Eiríksson, Arnar Freyr Ólafsson, Einar Freyr Elínarson, Brynhildur Jónsdóttir, Njáll Ragnarsson og Grétar Ingi Erlendsson. Einnig taka þátt Minna Björk Ágústsdóttir, framkvæmdastjóri VISKU – Fræðslu- og símenntunarmiðstöð í Vestmannaeyjum undir dagskrárlið 2 og Bjarni Guðmundsson framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritar fundargerð. Fundarmenn tengjast fundinum í gegnum fjarfundahugbúnað.

Formaður býður fundarmenn velkomna.

1. Fundargerð

Fundargerð 596. fundar staðfest og verður undirrituð síðar.

2. VISKA – Fræðslu- og símenntunarmiðstöð í Vestmannaeyjum

Minna Björk Ágústsdóttir, framkvæmdastjóri VISKU, kynnir starfsemina og skipulag hennar í Vestmannaeyjum en stofnunin er með aðsetur í þekkingarsetri Vestmannaeyja að Ægisdötu 2. Viska hóf starfsemi 2003 og hefur því starfað í 20 ár. Minna Björk fer yfir skipulag framhaldsfræðslu og kynnir helstu kennitölur tengdar starfinu s.s. um fjölda þjónustuþega og hvaða áskoranir stofnunin stendur frammi fyrir í Eyjum en lágmarksfjöldi á námskeiðum er hamlar starfseminni. Árið 2022 voru haldin ýmiskonar námskeið s.s. íslenskunámskeið, þar af ein íslensku námskeið fyrir innflytjendur, tólmstundanámskeið og tölvunámskeið. Hún svarar spurningum og hugleiðingum stjórnarmanna.

3. Ársþing 2023 - millipinganefndir

Formaður kynnir minnisblað tengt starfi millipinganefnda en nefndunum er ætlað að fara yfir þau málefni sem helst brenna á kjörnum fulltrúum sveitarfélaga og tengjast málaflokki einstakra nefnda. Í minnisblaðinu er farið er yfir markmið, skipulag þ.m.t. hlutverk og tímaáætlun, verklag, umræðuefni og hvenær og á hvað formi skuli skila niðurstöðum nefnda. Gert er ráð fyrir að millipinganefndir fundi í ágúst og september nk. og skili niðurstöðum í síðasta lagi 5. október nk. Þannig að hægt verði að senda þær á þingfulltrúa með öðrum ársþingsgögnum. Stjórn samþykkir að byggja nefndarstarfið á framkomnu minnisblaði.

4. Önnur mál til kynningar og umræðu

a. Fundargerðir m.a. stjórna annarra landshlutasamtaka



Lagðar fram til kynningar; fundargerð 559. fundar stjórnar SSH, fundargerð 53. fundar stjórnar SSNE, fundargerðir 10. og 11. funda stjórnar SSA, fundargerð aðalfundar SSA, fundargerðir 138. og 139. funda stjórnar Austurbrúar og fundargerðir 929. – 930. funda stjórnar sambandsins.

b. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri kynnir helstu verkefni og hvað fram undan er en meðal atriða má nefna: Frágang á gerð samstarfssamninga um byggðapróun og atvinnuráðgjöf. Auglýst hefur verið eftir ráðgjafa í Uppsveitum Árnassýslu og er umsóknarfrestur til 6. júlí nk. Aðalfundur Eignarhaldsfélags Suðurlands var haldinn í Árnesi 26. júní sl. Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir, sem verið hefur starfsmaður Nýheima þekkingarsetur, hefur verið ráðin sem verkefnastjóri og kynningarfulltrúi hjá SASS með aðsetur á Höfn. Atvinnumálafestna Uppsveita Árnassýslu hefur verið samþykkt.

c. Samgönguáætlun 2024 – 2038

Formaður kynnir að samgönguáætlun 2024 – 2038 sé nú til kynningar á Samráðsgátt stjórnvalda, sbr. [hér](#).

Stjórn felur formanni og framkvæmdastjóra í samráði við Njál, formann samgöngunefndar SASS, og Einar Frey, stjórnarmann, að ganga frá umsögn til samræmis við umræður á fundinum og kalla jafnframt eftir sjónarmiðum aðildarsveitarfélaganna.

d. Kerfisáætlun Landsnets 2023 – 2032

Formaður kynnir að á kerfisáætlun Landsnets 2023 – 2032 sé nú til kynningar á heimasíðu Landsnets, sbr. [hér](#). Umsagnarfrestur er til 30. júní en SASS hefur fengið viðbótafrest til 15. júlí nk.

Stjórn felur formanni og framkvæmdastjóra að ganga frá umsögn til samræmis við umræður á fundinum.

Í orkunýtingarstefnu aðildarsveitarfélaga SASS 2017 – 2030, frá í desember 2017, kemur m.a. fram að markmiðið sé að: Landshlutinn verði þekktur fyrir orkunýtingu sem byggir á gæðum og hreinleika. Staðinn verði vörður um hagsmuni sveitarfélaganna sem snúa að virkjun og nýtingu orku innan svæðisins. Sveitarfélög innan svæðisins njóti ávallt hags af nýtingu orkunnar. Hagur af nýtingu orkuauðlinda getur verið með beinum tekjum vegna framleiðslu orkunnar eða af rekstri sem nýtir orkuna. Ný eftirsóknarverð störf verði til innan svæðisins samhliða orkunýtingu. Tryggð verði ábyrg nýting orkuauðlinda, þ.e. á sjálfbæran hátt í sátt við samfélagið og með virðingu fyrir náttúrunni.

Tillaga að aðgerðum var m.a. að höfuðstöðvar Landsvirkjunar yrðu fluttar í landshlutann enda kemur stór hluti raforkuframleiðslu af Suðurlandi.

Stjórn SASS áréttar þetta sjónarmið nefndarinnar enda telur hún eðlilegt að höfuðstöðvarnar séu þar sem orkan er framleidd. Í ljósi umfangsmikilla framkvæmda við höfuðstöðvar Landsvirkjunar í Reykjavík vegna myglu hvetur stjórn SASS fyrirsvarsmenn Landsvirkjunar til að nota tækifærið til breytinga og byggja upp nýjar höfuðstöðvar Landsvirkjunar á Suðurlandi.



e. Sinfóníuhljómsveit Suðurlands

Formaður kynnis erindi frá Guðmundi Óla Guðmundssyni stjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands en þar er óskað eftir frekari aðkomu sveitarfélaganna að rekstri hljómsveitarinnar.

Stjórn SASS þakkar fyrir erindið og vill nota tækifærið til að hrósa hljómsveitinni fyrir gott og metnaðarfullt starf á undanförunum árum sem hefur auðgað menningu á Suðurlandi.

Stjórn óskar eftir nánari upplýsingum frá fyrirsvarsmanni hljómsveitarinnar þ.m.t. rekstraráætlun, útgjöld og sjálfbærniáætlun áður en erindið er sent áfram til sveitarfélaganna.

Framkvæmdastjóra falið að kalla eftir nánari upplýsingum.

f. Kynnis- og námsferð

Formaður kynnis erindi frá Jóhönnu Ýr, fulltrúa SASS í stafrænu ráði sambandsins vegna fyrirhugaðrar námsferðar til Eistlands þann 28. ágúst nk. á vegum Samtaka stjórnenda á stjórnsýslu- og fjármálasviðum sveitarfélaga, en fulltrúum í stafrænu ráði sambandsins og faghópi um stafræna umbreytingu hefur verið boðið að koma með í ferðina.

Formanni og framkvæmdastjóra falið að kalla eftir nánari gögnum um námsferðina og afgreiða síðan erindið í samræmi við umræður á fundinum.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn í fjarfundi föstudaginn 11. ágúst nk. kl. 12:30 og vinnufundur stjórnar verður síðan haldinn 17. – 18. ágúst nk. í Hveragerði.

Fundi slitið kl. 14:45

Ásgerður Kristín Gylfadóttir
Grétar Ingi Erlendsson
Einar Freyr Elínarson
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir
Njáll Ragnarsson
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir
Brynhildur Jónsdóttir
Arnar Freyr Ólafsson
Árni Eiríksson

Fundargerð 65. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2023, fimmtudaginn 22. júní kl. 09:30 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjárfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Árni Eiríksson, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Jónína Brynjólfssdóttir, Knútur Emil Jónasson, Einar Kristján Jónsson og Grétar Ingi Erlendsson.

Að auki sátu fundinn Jóhannes Ágúst Jóhannesson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Orkumál - staða og stefna - 2202003SO

Inn á fund stjórnar komu Haraldur Þór Jónsson, Ísleifur Jónasson, Jón G. Valgeirsson og Guðmundur Haukur Jakobsson frá starfsnefndinni.

Rætt var um næstu skref samtakanna í orkumálum og hvaða stefnu hún á að taka. Einnig var rætt um verkefni starfsnefndarinnar og hvaða áherslu hún ætti að leggja á.

Fundarmenn voru almennt sammála að fylgja þeim málum sem hafa verið unnin fast eftir.

Starfsnefndin sagði frá því að Daði Már Kristjánsson, prófessor við Háskóla Íslands hefur ásamt nemenda við sama skóla hafið vinnu við útreikning er varðar tekjur sveitarfélaga af orkuframleiðslu. Gert er ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki í haust.

Á fundinum var komið inn á mál sem skipta orkusveitarfélög miklu máli eins skattlagningu vatnsréttinda og fasteignamat stöðvarhúsa.

Haraldur, Ísleifur, Jón og Guðmundur víkja af fundi.

Starfshópur á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins sem skoða á skattalegt umhverfi orkuvinnslu hafa boðið fulltrúum Samtaka orkusveitarfélaga til fundar 27 júní nk.

Stjórn samþykkir að Ása Valdís Árnadóttir og Jónína Brynjólfssdóttir mæti fyrir hönd stjórnarinnar á fund starfshópsins og að Jón G. Valgeirsson og Ísleifur Jónasson mæti fyrir hönd starfsnefndarinnar á fundinn 27. júní. Stjórn leggur ríka áherslu á að gott og virkt samtal verði milli Samtaka orkusveitarfélaga, Sambands íslenskra sveitarfélaga og starfshópsins meðan hann er að störfum.

2. **Fjármál SO - rekstrarstaða - 2011004SO**

Lagt var fram til kynningar samantekt á rekstri samatakanna á árinu. Formaður fór yfir helstu gjaldaliðina og stöðuna á bankareikningi.

3. **Kynning frá fyrirtækinu Smávirkjanir - 2109001SO**

Inn á fund stjórnar kom Erla Björk Þorgeirsdóttir frá Verkfræðistofunni Afl og Orka. Kynnti hún fyrir stjórninni uppbyggingu smávirkjana sem verkfræðistofan hefur komið að í gegn um fyrirtækið Smávirkjanir ehf.

Fundi var slitið kl. 12:00

Ása Valdís Árnadóttir

Árni Eiríksson

Guðný Birna Guðmundsdóttir

Jónína Brynjólfsdóttir

Knútur Emil Jónasson

Einar Kristján Jónsson

Grétar Ingi Erlendsson



Fundargerð

**229. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands
haldinn þriðjudaginn 8. ágúst 2023 kl. 13:00 að Austurvegi 65a, Selfossi**

Mætt: Guðrún S. Magnúsdóttir, Páll Tómasson í fjarfundabúnaði, Fjóla St. Kristinsdóttir, Kjartan Ólafsson, Örn Friðriksson í fjarfundabúnaði, Oddur Árnason og Sigrún Guðmundsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Guðrún S. Magnúsdóttir formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Starfsleyfi, afturköllun starfsleyfa, umsagnir, rekstraryfirlit

a) Starfsleyfi

Málum lokið:

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki | Póstnr | Móttakið |
|-----------|--|---|--------|------------|
| 2307077HS | Starfsleyfi | ÁB veitingar ehf. | 800 | 19.07.2023 |
| 2307041HS | Starfsleyfi, nýtt | Gos Rent ehf. | 900 | 10.07.2023 |
| 2307040HS | Starfsleyfi eigendaskipti | Helja Stay ehf. | 851 | 10.07.2023 |
| 2307031HS | Starfsleyfi - tímabundið útihátíð | Flugmálafélag Íslands | 850 | 07.07.2023 |
| 2307013HS | Starfsleyfi tímabundið vegna útihátíðar | Viðburðastofa Suðurlands ehf. | 810 | 05.07.2023 |
| 2306147HS | Starfsleyfi br. á starfsemi | Ker hótél ehf. | 805 | 30.06.2023 |
| 2306108HS | Starfsleyfi eigendaskipti | Erbil Kebab ehf. | 800 | 27.06.2023 |
| 2306115HS | Starfsleyfi eigendaskipti | Flavor Brands ehf. | 810 | 27.06.2023 |
| 2306109HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Tónræktin ehf. | 810 | 27.06.2023 |
| 2306105HS | Starfsleyfi br. á starfsemi | Iceland inn ehf. | 804 | 27.06.2023 |
| 2306095HS | Starfsleyfi - breyting á húsnæðifjölgu gistirýma | Hellismenn ehf, Landmannahellir | 851 | 21.06.2023 |
| 2306090HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Kambagil ehf. | 810 | 20.06.2023 |
| 2306088HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Friðheimar ehf. | 806 | 19.06.2023 |
| 2306084HS | Starfsleyfi tímabundið vegna útihátíðar | Mímir, nemendafélag | 805 | 19.06.2023 |
| 2306071HS | Starfsleyfi, tímabundið Goslok. | Slippurinn veitingastaður - Langvía ehf | 900 | 14.06.2023 |
| 2306066HS | Starfsleyfi eigendaskipti | Flúðir rekstur ehf. | 845 | 14.06.2023 |
| 2306057HS | Starfsleyfi, tímabundið Goslok. | Vestmannaeyjabær v/Ráðhús | 900 | 12.06.2023 |
| 2306056HS | Starfsleyfi, nýtt - söluturn við Þjóðveldisbæinn | Iceland inn travel ehf. | 804 | 12.06.2023 |
| 2306032HS | Starfsleyfi, v. flutninga | Vínubúð Á.T.V.R. Vík | 870 | 07.06.2023 |
| 2306047HS | Starfsleyfi endurnýjun | Bragabátar ehf. | 800 | 07.06.2023 |



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

| | | | | |
|-----------|-----------------------------|-------------------------------|-----|------------|
| 2306096HS | Starfsleyfi br. á starfsemi | Landeldi ehf. - starfsmannab. | 815 | 21.06.2023 |
|-----------|-----------------------------|-------------------------------|-----|------------|

Í vinnslu:

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki | Póstnr | Móttekið |
|-----------|---|---|--------|------------|
| 2308030HS | Starfsleyfi ný starfsemi | eySalt ehf. | 900 | 04.08.2023 |
| 2308031HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Skatt - bókhald&skil ehf - gistiþjónusta | 850 | 04.08.2023 |
| 2308028HS | Starfsleyfi nýtt húsnæði | Rangárþing eystra vLeikskólinn Aldan | 860 | 03.08.2023 |
| 2308021HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Ginnir ehf.- sumarhús Reynilundi | 806 | 1.8.2023 |
| 2307092HS | Starfsleyfi eigendaskipti | Katla hótélrekstur ehf. | 871 | 31.7.2023 |
| 2307088HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Sumarhús Ból, Móum - Ból-Félagar ehf | 845 | 26.7.2023 |
| 2307084HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Hvílusteinn ehf. - Útleiga húss | 851 | 25.7.2023 |
| 2307086HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Guðbjörg Jóhannsdóttir sumahús Ásatúni | 846 | 25.7.2023 |
| 2307079HS | Starfsleyfi, eigendaskipti | Hótel Grímsborgir - Kea veitingar ehf. | 805 | 24.7.2023 |
| 2307072HS | Starfsleyfi- tímabundinn viðburður | Sonus viðburðir ehf. - Flúðir um Versló | 845 | 17.7.2023 |
| 2307066HS | Starfsleyfi endurnýjun | Skaftárhreppur v/Hjúkrunar- og dvalarheimilið Klausturhólar | 880 | 14.7.2023 |
| 2307053HS | Starfsleyfi tímabundið | Sveitarfélagið Ölfus - Bæjarhátíð Hamingjan við hafið | 815 | 11.7.2023 |
| 2307054HS | Starfsleyfi tímabundið vegna Sumar á Selfossi | Knattspyrnufélag Árborgar | 800 | 11.7.2023 |
| 2307049HS | Starfsleyfi, nýtt | FJÖRTÍUOGSEX ehf. - Cenral Apartments | 900 | 11.7.2023 |
| 2307025HS | Starfsleyfi, nýtt | HSH Flutningaþjónusta ehf. - Þvottahús | 825 | 6.7.2023 |
| 2307014HS | Starfsleyfi breyting á starfsemi | Guesthouse Carina - Ásblik ehf. | 870 | 5.7.2023 |
| 2306110HS | Starfsleyfi ný starfsemi | KS viking ehf. - innflutningur matvæla | 810 | 27.6.2023 |
| 2306094HS | Starfsleyfi, nýtt | Welcome Iceland ehf. - Starlight Holiday Pods | 861 | 21.6.2023 |
| 2306087HS | Starfsleyfi, endurnýjun | Giljur Gistihús - Ólafur Þorsteinn Gunnarsson | 871 | 19.6.2023 |
| 2306086HS | Starfsleyfi tímabundið vegna útihátíðar | Handknattleiksdeild UMF Selfoss - tjaldsvæði kótelettan | 800 | 19.6.2023 |
| 2306073HS | Starfsleyfi endurnýjun | Ferðafélag Ísl.v/Hagavatn | 806 | 15.6.2023 |
| 2306081HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Katrín Erla Kjartansdóttir - heilsujurtir | 840 | 15.6.2023 |
| 2306075HS | Starfsleyfi endurnýjun | Mýri guesthouse - Anna Valgerður Sigurðardóttir | 801 | 15.6.2023 |
| 2306074HS | Starfsleyfi endurnýjun | Ferðafélag Ísl.v/Hvítárnes | 806 | 15.6.2023 |
| 2306076HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Guðmundur Tómasson - Mið-Skáli gisting | 861 | 15.6.2023 |
| 2306064HS | Starfsleyfi, nýtt | Nesfoss ehf. - smurstöð | 800 | 13.6.2023 |

Ofangreind starfsleyfi eru samþykkt með fyrirvara um jákvæða úttekt heilbrigðisfulltrúa og jákvæða afgreiðslu viðkomandi skipulags- og byggingafulltrúa.

Í auglýsingu:

Eftirtalin starfsleyfisskilyrði eru í auglýsingu á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Starfsleyfi í auglýsingu verða gefin út að auglýsingafresti loknum að því gefnu að ekki



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

berist athugasemdir við útgáfuna. Að öðrum kosti verður ákvörðun tekin á næsta fundi nefndarinnar.

Starfsleyfisauglýsingar vegna útgáfu starfsleyfa fyrir mengandi starfsemi sbr. reglugerð nr. 550/2019 til kynningar

- HSH Flutningaþjónusta ehf., kt. 7103211670, Hásteinsvegi 18, 825 Stokkseyri, vegna þvottahúss að Breiðumýri 3, 800 Selfoss. Sjá slóð [hér](#).
 - **Frestur til að gera athugasemdir er til 10. ágúst 2023**
- Heiðarás ehf., kt. 6711690189, Heiðarási, 806 Selfoss, vegna efnistöku, allt að 33.000 rúmmetra, á efnistökusvæði E3 í landi Skálafells, 806 Selfoss. Sjá slóð [hér](#).
 - **Frestur til að gera athugasemdir er til 10. ágúst 2023**
- Nesfoss ehf., kt. 4304230250, Austurvegi 54, 800 Selfoss, vegna smurstöðvar og lítils bifreiðaverkstæðis að Austurvegi 54, 800 Selfoss. Sjá slóð [hér](#).
 - **Frestur til að gera athugasemdir er til 20. júlí 2023**
